

27. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til ihlutunar um sölu og útflutning á fiskframleiðslu ársins 1933.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

Ráðherra er heimilt að skipa svo fyrir, að á tímabilinu frá 1. janúar til 1. apríl 1933 megi ekki, nema með samþykki Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda, flytja eða selja til útlanda saltaðan fisk, hvort sem hann er verkaður eða óverkaður, ef hann er lagður á land eftir 1. janúar 1933.

2. gr.

Brot gegn banni, sem út er gefið samkvæmt 1. gr., varðar sekt allt að 25 kr. fyrir hvert skippund fiskjar, sem út hefir verið flutt eða selt.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til ihlutunar um sölu og útflutning
á fiskframleiðslu ársins 1933.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Dóms- og útvegsmálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að nauðsynlegt sé, að ríkisstjórnin fái heimild til þess fyrst um sinn að hafa ihlutun um sölu og útflutning á fiskframleiðslu ársins 1933, í því skyni að tryggja og festa það samstarf útvegsmanna, er hófst á þessu ári og leiddi til stofnunar Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda. Sé sala og útflutningur nýju fiskframleiðslunnar með öllu frjáls, eru líkur til að það valdi verðlækkun á eldri fiskbirgðum, en einkum þó á nýju framleiðslunni. Mundi slíkt verðfall færa yfir Sölusambandið utan og innan að komandi hættur, sem sennilega mundu riða þessum þörfu samtökum að fullu, og á þann hátt stórskaða íslenska framleiðendur, bæði þá er eiga fiskbirgðir liggjandi hér í landinu, en þó aðallega væntanlega eigendur nýju framleiðslunnar.

Þar sem nú svo er ástatt, sem að framan greinir, teljum Vér brýna nauðsyn ber til þess að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar frá 18. maí 1920.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Ráðherra er heimilt að skipa svo fyrir, að á tímabilinu frá 1. janúar til 1. apríl 1933 megi ekki, nema með samþykki Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda, flytja eða selja til útlanda saltaðan fisk, hvort sem hann er verkaður eða óverkaður, ef hann er lagður á land eftir 1. janúar 1933.

2. gr.

Brot gegn banni, sem út er gefið samkvæmt 1. gr., varðar sekt allt að 25 kr. fyrir hvert skippund fiskjar, sem út hefir verið flutt eða selt.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborg, 5. desember 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ólafur Thors.